



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15. janúar 2026

SFS26010049

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðbrögð við mannekle í Funaborg

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 12. janúar 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Mannekle í leikskólanum í Funaborg hefur staðið yfir í nokkur misseri með þeim afleiðingum að skerða hefur þurft þjónustuna verulega þannig að foreldrar þurfa nú að vera heima einn og hálfan dag í viku. Mikilvægt er að brugðist verði við þessari alvarlegu stöðu. Til hvaða ráðstafana hyggst skóla- og frístundasvið grípa til svo hægt verði sem fyrst að tryggja óskerta þjónustu á leikskólanum?

Svar:

Skóla og frístundasvið fylgist náið með mönnun í starfsstöðvum sínum. Leikskólinn Funaborg hefur undanfarin misseri neyðst til að grípa til fáliðunar í lengri og skemmri tíma. Leikskólastjóri hefur upplýst um þessa stöðu og notið stuðnings mannauðspjónustu skóla- og frístundasviðs við auglýsingar og birtingu á þeim. Nú í janúar varð staðan erfið þegar mönnun fór niður fyrir öll öryggisviðmið og gripið var til enn frekari fáliðunar. Leikskólastjóri í samstarfi við miðstöð og skrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur notið stuðnings Afleysingastofu sem hefur sett aukinn kraft í að beina umsækjendum sínum til Funaborgar. Þetta hefur nú þegar borið árangur og starfsfólk hefur hafið störf, fleiri viðtöl standa yfir og mögulegar ráðningar í farvatninu. Hafa þarf í huga að starfsfólk kemur mis hratt til starfa og lágmarkspjálfun þarf að eiga sér stað. Fáliðun hefur aflétt í skrefum og í pósti leikskólastjóra til foreldra þann 21. janúar sl. kemur fram að frá og með 26. janúar 2026 verður fáliðun virkjuð í hálfan dag í hverri viku í stað heils dags. Áfram verður unnið að því að draga alveg úr fáliðun í Funaborg.



Reykjavík